Sýslumannafélag Íslands
Ránarbraut 1, 870 Vík, s-4884300

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/433
komudagur 4.12.2009

Alþingi – nefndasvið
Allsherjarnefnd
Alþingishúsinu við Austurvöll
150 Reykjavík

**Varðar: Frumvarp til laga um breyting á lögum um dómstóla, nr. 15/1998, með síðari breytingum**

Óskað var umsagnar Sýslumannafélags Íslands vegna ofangreinds frumvarps. Sýslumannafélagið gerir ekki athugasemdir við frumvarpið að öðru leyti en því að skv. 2. mgr. 2. gr. skal dómstólaráð eitt ákveða hvar héraðsdómur hefur fastar starfstöðvar og hvernig landinu verður skipt í þinghár. Með þessu er verið að færa dómstólaráði mikið ákvörðunarvald, sem hefur áhrif á rekstur bæði embætta sýslumanna og lögreglustjóra, sem og rekstur lögmannsstofa. Það væri því athugandi að dómstólaráð tæki þessa ákvörðun í samráði við hagsmunaaðila.

Vík 3. desember 2009

Anna Birna Þráinsdóttir
formaður